

# Umhverfisstefna Hampiðjan Group

## 1. Gildissvið

Umhverfisstefna þessi er mótuð af Hampiðjan Group og gildir fyrir allt starfsfólk Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga hennar (hér eftir: Hampiðjan).

Stefnan felur í sér skuldbindingu Hampiðjunnar um að fylgjast stöðugt með árangri sínum í umhverfismálum, meta hann og setja upp og viðhalda kerfum sem stuðla að umbótum. Jafnframt skal fyrirtækið ávallt fara að þeim lögum og reglum sem gilda um umhverfispætti starfseminnar á öllum starfssvæðum.

## 2. Hlutverk og ábyrgð

Starfsfólk og stjórnendur innan samstæðunnar bera ábyrgð á því að kynna sér umhverfisstefnu fyrirtækisins og vinna í samræmi við hana.

Allir stjórnendur innan Hampiðjunnar skulu ganga á undan með góðu fordæmi, stuðla að því að stefnunni sé fylgt og tryggja að einstök fyrirtæki samstæðunnar uppfylli lögbundnar kröfur sem varða umhverfispætti.

Forstjóri Hampiðjunnar ber heildarábyrgð á umhverfisstefnunni. Umhverfisstjóri Hampiðjunnar skal endurskoða stefnuna reglulega og uppfæra hana í samráði við æðstu stjórnendur.

## 3. Skuldbindingar Hampiðjunnar

### *Starfsfólk*

- Auka vitund starfsfólks um umhverfismál og hvað þau fela í sér.
- Hvetja starfsfólk til að nýta umhverfisvæna samgöngumáta.

### *Hönnun veiðarfæra og búnaðar fyrir fiskeldi og útsjávariðnað*

- Lögð verður áhersla á hönnun veiðarfæra og búnaðar fyrir fiskeldi og útsjávariðnað svo að kolefnisspor við notkun verði sem minnst.
- Stefnt verður að þróun veiðarfærataekni sem eykur kjörhæfni með tilliti til stærðar og tegunda.
- Stefnt verður að því að þróa efni og búnað á þann hátt að endurvinnsla verði sem hagkvæmust.
- Hönnun skal miða að aukinni notkun endurunnins efnis til að draga úr þörf fyrir nýtingu nýrra náttúruauðlinda.

### *Endurvinnsla*

- Allur úrgangur frá rekstri skal flokkaður og því magni sem fer til urðunar haldið í lágmarki.
- Stuðlað skal að endurvinnslu á afgangsefni sem fellur til við framleiðslu á vörum fyrirtækisins.
- Endurvinnna skal umbúðaúrgang.
- Draga skal úr notkun pappírs og tryggja að sá pappír sem notaður er fari til endurvinnslu.
- Styðja skal við sjávarútveg, fiskeldi og aðra viðskiptavini við söfnun og flokkun notaðra veiðarfæra, fiskeldis- og útsjávarbúnaðar og tryggja að sem mest af því fari til endurvinnslu.
- Almennt skal starfsfólk leitast við að lágmarka úrgang í starfi sínu í samræmi við úrgangsstigveldið: fyrst draga úr myndun úrgangs, endurnýta efni þegar mögulegt er, endurvinnna það sem ekki er hægt að nýta, og beita urðun eða brennslu einungis sem síðasta úrræði.

### *Loftslag og umhverfi*

- Fylgjast skal með losun gróðurhúsalofttegunda hjá Hampiðjunni og skrá hana með það að markmiði að hún dragist kerfisbundið saman á hverju ári.
- Reglulega skal kortleggja og meta áhættu sem tengist loftslagsbreytingum og byggja á þeim niðurstöðum í stefnumótun.
- Viðhalda skal hreinum og lekafríum vinnusvæðum til að koma í veg fyrir mengun jarðvegs og vatns í nágrenni.
- Hvetja skal dótturfélög til að innleiða umhverfisstjórnunarkerfi á borð við ISO 14001 til að fylgjast með árangri og draga úr áhættu.
- Styðja skal við hreinsun úrgangs meðfram ströndum og á hafi úti.

### *Umhverfisskýrsla*

Hampiðjan mun gefa út árlega sjálfbærniskýrslu á fyrsta ársfjórðungi hvers árs þar sem fram kemur árangur liðins árs í umhverfismálum.